

Elías Mar

15. maí 2004

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Þorvaldur Kristinsson

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

© Krumma films ehf.

Já. Það er þetta með samkynhneigð mína, að ég er það sem kallað er bisexual, það er tvíkynhneigður. Nú það eru líklega flestir tvíkynhneigðir. Ég held að það sé vísindalega sannað að flestir séu tvíkynhneigðir bara í mismunandi hlutföllum. Sumir eru meira gagnkynhneigðir og aðrir meira samkynhneigðir. Ég skal ekki segja hve mikið ég er homosexual, en ég get fullyrt að það er að minnsta kosti 15%-20% og hefur verið þannig alla mína ævi. Ég byrjaði ekki að lifa samkynhneigt eða gera tilraunir í þá átt fyrr en ég var orðinn 21 árs. Og þetta var visst tímabil, sem að, tók svona fimmtán ár en ég lifði með kvenfólki líka á þessu tímabili, lengri eða skemmri tíma, en seinasta samkynhneigða, athöfnin ef svo hátíðlega má segja, hún átti sér stað þegar ég var fertugur. Ég man að það var það ár. Og ég hef ekkert breyst síðan. En afhverju hætti ég? Það stafaði af því að ég var orðinn þreyttur eða leiður á þessum samböndum sem ég hafði, samkynhneigðu. Þetta var, þetta var eitthvað svo óvíst og lítil framtíð í því, og það var líka í mínum heterosexual samböndum, ég hef aldrei gifst, ég hef aldrei verið í sambúð og ég á engin börn. Nú þetta seinasta atriði hefur náttúrulega orðið til þess að margir halda að ég sé einungis hommi. Það bara sanni það hvað ég sé mikill hommi að ég skuli aldrei hafa gifst og aldrei hafa átt börn. Þetta eru náttúrulega aðallega fólk sem að ekki þekkir mig persónulega. Nú ég er það þekktur maður í þjóðfélaginu, eða var að minnsta kosti að þessi fregn, að ég væri hommi, hún breiddist nokkuð fljótt út og fljótar en ég gerði mér grein fyrir. Og það var svo sem allt í lagi mín vegna, en hún hefur bara verið mikið við lýði alveg enn þann dag í dag og sem lýsing á mér sem einungis homma. Þetta fer svolítið í taugarnar á mér því þetta er ekki sannleikur. En ég hef ekkert verið að reyna að koma því að því ég er ekkert að reyna að koma að lífi mínu, einkalífi mínu. Ég hef aldrei haft þörf fyrir það, og þannig er það ennþá. Að vissu leyti þykir mér því gott að fá þetta tækifæri. Nú annað vil ég taka fram, að á meðan þetta homosexuala líf mitt stóð yfir, þá hafði ég aldrei þörf fyrir endaparmssamfarir. En margir héldu og halda enn í dag að það sé eina homosexuala líf meðal karlanna það sé endaparmssamfarir. Þetta stafaði ekki af því að ég væri, ég væri eitthvað siðferðilega á móti þeim heldur bara beinlínis mig langaði ekki í þær, hvorki aktíft né passíft, en ég olli mörgum vonbrigðum með því að vilja ekki fara aftaní. Nú get ég sagt ykkur nokkuð skammtilega staðreynd, að í fyrsta skipti sem ég var beðinn um að fara aftaní, það var ekki karlmaður sem bað mig heldur dönsk stúlka. Ég man ekki hvort ég hef sagt þetta áður. Og ég var með henni þarna stuttan tíma þarna veturinn '46 - '47 og satt að segja þá hættum við að vera saman vegna þess að ég fékkst ekki til þess arna, því þó að ég notaði verjur þá fannst henni ekki því treystandi og hún sagðist hafa prófað hitt, það væri svo ágætt að láta fara aftan í sig.

Það er einmitt þetta, að ég byrja eins og ég sagði áður, þarna úti í Kaupmannahöfn og það tekur fimmtán ár, kannski rúmlega fimmtán ár og þá geturðu bara tekið ártölin sko. Laugavegur 11 kemur þarna inn í náttúrulega. Og þar var ansi margt sem bar á góma. Ekki eingöngu kynferðislegir hlutir heldur náttúrulega pólitíkin og hvaðeina. Og Laugavegur 11, á Laugavegi 11 þar var svo ágætt að því leyti að þarna kom fólk á öllum aldri, af báðum kynjum, öllum kynjum ætti maður að segja. Og ég var nú þarna á góðum aldri sjálfur, ég er þarna á árunum '51 - '60 eða '61 er því lokað. Og ég saknaði nú ekki Laugavegs 11 því þetta var orðið svo mikið niðurníddur staður og farnir að sækja þar rónar og kominn þar glymskratti og plötuapparat eitthvurt sem að var ekki, var ekki vært að vera þar. Svo líka annað að þetta fólk sem að ég hafði þekkt mest á Laugavegi 11 og var svona örlítið yngri kynslóð en ég það var farið til útlanda í nám og eftir stóðu á 11 sem sagt einhverjir menn sem að ég kærði mig ekkert um að eiga samneyti með. Og þegar að, það vildi svo til að haustið '61 þá byrja ég að vinna á *Þjóðviljanum*, þá fer ég að drekka mitt kaffi þar, miðdegiskaffi, og er náttúrulega bundinn við mína vinnu til klukkan fimm, sex, stundum til sjö og stundum á kvöldvöktum svo ég hætti mikið að fara á kaffihús. Ég flutti inn í Laugarnes og var bara mikið heima því ég var að vinna líka við þýðingar og yrkingar og prófarkarlestur heima svo að, ég saknaði ekki kaffihúsanna. Nú það var búið að reisa þarna og stofnsetja Mokka, ég kom þar svolítið en Mokka varð aldrei eins skemmtilegur staður og Laugavegur 11. Það er nú minna lókal og þarna, og það var dýrara líka, allt miklu dýrara en afskaplega gott að koma á Mökkakaffið en það varð aldrei Laugavegur 11 því borðin eru svo þétt, það heyra allir á næsta borði það sem sagt er og þetta varð ekki eins, eins hlýlegt og það gat verið á Laugavegi 11.

Það eru svo margir. Sko nú eru flestir sem að komu á Laugarveg 11 dánir. Það er svo skrítið að flestir sem að komu á Laugaveg 11, þetta var nú fólk á ýmsum aldri en margt af því fólki sem að var yngra en ég það féll frá langt fyrir aldur fram. Jökull Jakobsson, Ólafur Jónsson krítiker, Sturla, Dagur Sigurðarson, Hrafnkell Finnbogason, hann Dessi, ég get haldið áfram að telja en það eru komnir þarna fimm eða sex sem, sem að manni finnst nú að gætu verið lifandi í dag aldursins vegna. Nú svo náttúrulega maðurinn Sigfús Daðason sem var ekki nema 75 ára en en hann kom nú aldrei á Laugaveg 11 eða mjög lítið hann var svo mikið í París á þessum árum. Nú af eldri mönnum á 11 það var náttúrulega ekki nema lögmál lífsins að þeir féllu frá eins og Haraldur Björnsson og Haraldur Hamar sonur Steingríms Thorsteinssonar, Valur Benediktsson sonur Einars Ben en ég kynntist honum nú aldrei og ekki Haraldri Hamar heldur því hann, hann vildi aldrei kynnast neinum hann sat alltaf einn við borð og menn respekteruðu það og létu hann í friði. Nú þarna komu nú fleiri

leikarar líka úr Þjóðleikhúsinu því það var nú stutt að fara. Lárus Ingólfsson og svo leiklistarnemar eins og Jón Laxdal Halldórsson og Helga Backmann, Helgi Skúlason og fleiri.

Við borðið mitt á Laugavegi 11? Já það var nú sérstakt borð sem ég sat í því mér fannst svo gott að vera úti í horni, þetta var innst í salnum og ég hafði svona yfirlit yfir allan söfnuðinn. Mér leið bara alltaf vel. Svei mér þá.

Þorvaldur: Segja frá Degi. Gefa mér lýsingu á Degi.

Já ég hef nú sagt frá þessu áður í sambandi við það þegar við Dagur kynntumst. Það kom einhver með hann að borðinu, ég held það hafi verið Alfreð Flóki, já Alfreð Flóki er dáinn, hann er nú einn, nú og Dagur byrjar að segja við mig: Ég er miklu meira skáld en þú. Og ég var nú fljótur að samþykkja það. Og eftir þetta urðum við bara vinir því að hann sá að ég kunní að taka svonalöguðu, ég fór ekkert að æsa mig eða reka hann burtu eða eitthvað slíkt. Síður en svo. Enda var Dagur afskaplega interessant unglingur, geysilega intressant og vel gefinn. Ég sakna hans mikið þó hann væri orðinn afskaplega, afskaplega illa farinn seinustu árin.

Já Sturla.

Þorvaldur: ...kostum og veikleikum.

Já, ég gerði það nú svolítið í minningargrein um hann í fyrra. Sturla var afskaplega svona hlýr í rauninni og hérna hjálpsamur, ef hann gat, og hann hafði húnur og hann hafði áhuga á tónlist og ýmsu og bókmenntum og ýmsu sem að var gott að ræða við Sturlu. Og svo náttúrulega hafði hann áhuga á kynferðismálunum, það hafa allir. Já, já. Ég hef ekki nema gott um Sturlu að segja nema að hann gat verið svolítið mislyndur og þegar hann var drukkinn eða svona eitthvað undir áhrifum þá var hann stundum settur í bann á Laugavegi 11.

Þorvaldur: Hann var sá sem var einna opinskástur í tali um samkynhneigð.

Já. Ég man það þegar hann sagði mér fyrst frá þessu að hann væri eitthvað hrifinn af strákum þá var hann, það var reyndar ekki á 11 það var á Hressingarskálanum, að þá sagði ég við hann, mér þótti

Svona fólk

Þetta nú ekkert skrítið en svona, ég sagði við hann að hann skyldi bara vera heiðarlegur í sambandi við það. Ekkert leyna því og honum fannst það nú skrítið að ég skyldi segja það því þetta væri nú ekki viðurkennt og væri skammarlegt að vera hommi eða vera sódomískur, ég man ekki hvað hann kallaði það. Og ég sagði við hann að það væri ekkert skammarlegt en mér datt ekki í hug þá að hann myndi gera eins mikið úr því og hann gerði að tala um það að fyrra bragði. Því hann gekkst svo mikið upp í því að vera hommi, sérstaklega þegar hann var fullur, að þá kom hann því að í tíma og ótíma og var með svolítið, svona óheppilegt káf á mönnum, sem hann jafnvel meinti ekkert með og fékk fyrir bragðið orð á sig, afskaplega mikið orð. Og við Sturla sáumst náttúrulega oft bæði á Laugavegi 11 og á götu, og það má eiginlega segja að ég hafi fengið orð af honum en hann ekki af mér. Og ég vissi þetta nú ekki strax en frétti þetta, það var farið að spyrja mig að þessu. Ertu eitthvað skríttinn? Þú ert alltaf með honum Sturlu þarna hamma eða kynvilling. Þú ert alltaf með honum á gangi. Og ég sagði ja, ég er nú ekkert skríttinn fyrir það. En það héldu afskaplega margir að við værum eitthvert par en það vorum við ekki.

Þorvaldur: Þetta ráð sem þú gafst Sturlu um að vera einlægur, heiðarlegur, var það ráð sem þú gafst fleirum á þessum árum?

Já ég gerði það nú og ef ég var spurður svona, það var nú bara sjaldan sem ég var spurður að því, því að menn voru nú í skápnum og vildu vera það og ég var ekkert að koma upp um þá neitt og mér var trúað fyrir ýmsu, ekki bara af hommum og lesbíum sem að voru nú reyndar afar fáar þá sem að ég þekkti, heldur líka gagnkynhneigðum ekki síður. Það er svo skrítið að ég var spurður um, ja hvað gera skyldi í ýmsum persónulegum málum og ég held það hafi verið vegna þess að ég þótti þagmælskur, ég kjaftaði ekki því sem að mér var trúað fyrir. Aftur á móti var oft freistandi að nota reynslu annars fólks úr einkalífi þess í skáldsögur. Þarna átti ég dálítið bágnt með sjálfan mig. Hvað á ég að ganga langt í því að nota það sem ég veit um einkalíf fólks án þess að fólkið þekkest. Í þessu litla þjóðfélagi þá þekkjast svo margir aðra, ekki bara í dreifbýlinu heldur líka í Reykjavík, minnsta kosti þá. Nú í Sóleyjarsögu þá nota ég, þá nota ég vissu hluti, vissu lífsreynslu fólks, en ég held að mér hafi tekist að gera það án þess að fólkið þekkest. Svo blanda ég líka saman. Ég blanda saman t.d. í reynslu Sóleyjar reynslu fleiri stúlka en einnar.

Já en ætli það sé ekki bara svipað, ég veit ekki hvernig er í Kaupmannahöfn núna en t.d.

Ráðhústorgið. Ætli það sé ekki svipað bara og var þá, ég veit það ekki. Nú það er merkilegt að þú

spyrð mig um, bara um stráka en þarna voru líka stelpur til sölu. Og ekki síst í London þegar maður kom til London sko, ég var nú þar í nokkuð marga mánuði, níu eða tíu mánuði veturinn '49 - '50, að þá var, þá gengu sko mellurnar á götunni bara til sölu og blikkuðu mann og ávörpuðu og spurðu hvort maður væri ekki einmanna og svona hvort maður vildi ekki kompaní. Ég freistaðist aldrei nokkurn tímann til þess að taka mellu, hvorki strák né stelpu. Og strákar á Ráðhústorginu voru að ávarpa mig og voru auðsjáanlega mellur og ég spurði þá hvað kostar það og það var svona 15 - 20 kr. jafnvel meira og ég sagði nei ég hef engan áhuga á því. En eitthvað hafa þeir nú séð að ég var að horfa á stráka. Annars hefðu þeir ekki ávarpað mig.

Þorvaldur: En þarna eignastu vini.

Já svo eignast ég nú þarna góða kunningja. Það er aftur á móti annað mál. Það er nú annað mál sko. Og ég hef nú ekkert vitað hvað varð af þeim. Það var eins í London. Ég eignaðist þá svona kunningja fyrir utan Íslendingana sem ég þekkti náttúrulega. Og þegar ég segi þekki þá á ég ekki við að ég hafi lifað með þeim. Menn meiga ekki misskilja það að það að þekkja einhvern og umgangast einhvern sé endilega að háttu hjá honum, eða henni. Þetta er afskaplega vandmeðfarið vegna þess að fólk getur misskilið sem að horfir á mynd í samtali eins og þetta eða hlustar bara á það í útvarpi.

Þorvaldur: En þú segir frá pilti sem að þú hittir þarna þú sagðir mér einu sinni frá honum sem að sagði þér að til væru tímarit sem karlar gæfu út hver fyrir annan og þú vissir ekki af þessu og svo kom hann næsta kvöld og seldi þér tímaritið. Þetta er mjög falleg saga.

Já, já. Já hún er intressant og...

Þorvaldur: ... og þú munt hafa hitt þennan pilt og þekkt hann....

Já, ég skal segja hvernig það gerðist. Ég sat á Ráðhústorginu eitt kvöld svona það var að sumri til í góðu veðri og ég sit á bekk þarna og það stendur einhver hópur af ungum mönnum rétt hjá mér og án þess að ég væri neitt að hlusta á þá þá heyrði ég að þeir voru að tala um, þeir voru að tala um þessa hluti. Og einn þeirra var nú afskaplega svona auðsjáanlega hommi, finn í tauinu og nokkuð laglegur, að hann tekur eftir því að ég horfi á þá. Og hann fer að, ég man nú ekki hvernig hann

Svona fólk

spurði mig eða hvað hann sagði nema ég stóð upp og fer að tala við þá og þá spyr hann mig nokkuð fljótlega, hann var Svíi og Lövenkrans held ég hann hafi heitið, Löven eitthvað, Björn, hann spyr mig hvort að ég, við töluðum ensku, hann spurði mig hvort að ég vissi um *The Club of Men* og ég sagðist ekki vita um það sem satt var. Og hann sagði að þetta væri til og að þeir gæfu út tímarit sem að hétu *Vennen* og hann lofaði að koma næsta dag eða næsta kvöld með þetta rit og sýna mér og það gerði hann og ég keypti af honum, ég held hann hafi selt mér það, ég man það þó ekki ein tvö eða þrjú blöð. Og ég labbaði með þetta langt út eftir Vesterbrogade og settist þar á bekk sem var rólegt og fór að lesa þetta og fannst þetta afskaplega merkilegt. Því ég hafði aldrei heyrt talað um þetta, þetta væri til. En svo hitti ég hann nú oft og við urðum ágætir kunningjar. Hann var með einhverjum dönskum manni. Miðaldra leiðindamanni sem mér fannst, afbrýðisömum sem ekkert vildi að við töluðum saman. Svo hitti ég þennan strák líka einu sinni í Malmö af tilviljun og, eitt kvöld og við fórum á kaffihús og þá var hann hættur að vera með þessum Dana og var að segja mér af þessu að hann væri stundum í Kaupmannahöfn og svona. En þetta var, þessir dönsku strákar þarna þeir virtust ekkert eiga erfitt með að vera hommar. Og þetta útaf fyrir sig, þegar við komum að þessu atriði, hvernig það hafi verið að vera hommi á þessu tímabili, ég held að það hafi ekkert verið erfitt nema fyrir suma. Fyrir þá sem voru mjög kvenlegir, sem að gengu mikið upp í því að vera affekteraðir, og það er enn í dag að ég held að fólk svona upp til hópa hafi ýmugust jafnvel á þannig mönnum. Aftur á móti er fólk svo þekkingarlaust að það getur ekki ímyndað sér að maður sem er karlmannlegur, sjóari eða bílstjóri, rútubílstjóri, hann geti verið hommi en það getur nú aldeilis gerst. Og kvæntir menn geta verið hommar. Og átt börn. Það er þess vegna sem ég held því fram að að minnsta kosti 90 - 95% manna séu bisexual, bara í mismunandi gráðum, mismunandi stigum, mismunandi mikið. Nú einhverntímann heyrði ég þann brandara, eða kannski var það ekki brandari, kannski las ég í *Readers digest*, að 10 - 15% sem væru algerlega heterosexuál þeir væru allir fábjánar, væru með greindarvísitölu sem væri langt fyrir neðan meðaltal. Og ég er ekki frá því að þetta gæti verið satt. Því ég held að það sé dálítið greindarmerki að vera samkynhneigður. Og það er athyglisvert hvað margir góðir listamenn hafa verið samkynhneigðir eða að minnsta kosti tvíkynhneigðir. Svo að ég segi við þá, blessaðir verið ekki að skammast ykkar fyrir að vera þannig, veriði bara stoltir af því og segið það öllum ef það er spurt. Verið ekkert endilega að tilkynna það í útvarpinu eða sjónvarpinu en ekki vera að þræta fyrir það. Því að ef til er próblem í heiminum sem er óþarft þá er það þetta með samkynhneigð og samkynhneigt fólk. Það verður ekki próblem nema það verði eitthvað bannað og skammarlegt því þá verður það erfitt fyrir þá sem að eru það og fyrir fjölskyldur þeirra. En ef þetta er bæði leyfilegt og bara, beinlínis í, á allra vitorði, þá er ekki heldur

hægt að hóta neinum með því að segja til þeirra. Skiljiði hvað ég á við? Þetta er þá bara eðlilegur hlutur eins og það er talið eðlilegt þetta að menn séu meistara í skák.

Sko það getur verið að það hafi verið gert þó það hafi aldrei borist til minna eyrna, að t.d. kvæntir menn hafi verið beittir fjárkúgun. Mér finnst það líklegra. Sko því að t.d. ókvæntur hommi, jú hann þarf kannski að leyna því fyrir fjölskyldu sinni, sko ættingjum sínum en ég hef aldrei heyrt um þetta, nei.

Þorvaldur: Nú svo gerist þetta sem þú kannski sást ekki fyrir þótt menntaður værir og lífsreyndur, að frakkir krakkar byrja að tala um þetta í útvarpi og sjónvarpi, eins og Þorvaldur Kristinsson og Lára Marteinsdóttir, hvernig leið þér með lætin í þessum börnum?

Mér leið afskaplega vel því ég hugsaði með mér nú er þetta að koma sem hlaut að koma en er tuttugu árum seinna á ferðinni heldur en í Kaupmannahöfn. Og ég varð svo hrifinn að þegar þið fóruð að gefa út rit sem hét *Í felum* minnir mig þá sendi ég 500 kr., ég gerðist ekki áskrifandi en ég sendi 500 kr. af hrifningu yfir þessu. Og mér var sent ritið og ekki nóg með það, ég var skrifaður inn í Samtökin sem ég hafði aldrei hugsað mér að ganga í og var þar í nokkur ár. Svo held ég að ég hafi verið strikaður út því að ég hætti að borga. Og kom þarna nokkrum sinnum og þótti mjög merkilegt að kynnast ykkur. Og, já, já ég man að ég var á móti nafninu á ritinu. Og sem betur fer var það lagt niður og tekið upp nýtt nafn. En svona lagað er nú aukaatriði.

Ballið á Manhattan, já það heitir Manhattan já, hét Manhattan já. Já ég fór þangað og mér fannst það nú bara mjög intressant að það skyldi vera haldið svona ball á Íslandi því ég held að þetta hafi verið fyrsta ballið. Ég held það. Og ég fékk með mér góðan kunningja minn, Halldór Vigfússon sem nú er dáinn, og hann ætlaði nú ekki að þora að fara því að hann var nú ekki beint í skápnum en hann grunaði, eða hann var svo hræddur um að lögreglan myndi koma og gera rassíu og reka alla út og þetta kæmi í blöðum, jafnvel nöfn og svona. En ég fékk hann nú samt til að koma. Og við vorum þarna í, ætli það hafi ekki verið í klukkutíma að minnsta kosti en ég varð að fara í burtu með Halldór því að hann vildi ekki vera lengur og vildi endilega að við héldum áfram að drekka eitthvað bara heima hjá honum og þess vegna fór ég í burtu fyrr en ég hafði ætlað mér, en einhver tók kvikmynd þarna og ég er til og Halldór líka á þessari kvikmynd. Er það ekki rétt? En hver tók hana það veit ég ekki. Þú veist það kannski?

Hrafnhildur: Þetta er ljósmynd. Ég á ljósmynd af þér.

Er þetta ljósmynd? Getur verið að það sé bara ljósmynd, hafi ekki verið kvikmynd. Það getur verið já.

Hrafnhildur: Geturðu aðeins lýst stemningunni?

Stemningunni? Það var bara eins og hvert annað ball. Ég held að, ég dansaði ekki, ég dansa nú eiginlega aldrei, aldrei kunnað að dansa og aldrei haft þörf fyrir það frekar en faðir minn sem var N.B. mikill kvennamaður og komst í tæri við konur án þess að kunna að dansa. Jæja en svo ég vaði nú úr einu í annað, þetta ball þarna það var ágætt og einhverjar vínveitingar voru nú ég held að það hafi bara verið léttvín mig minnir það og ekkert sérlega dýrt. Nú meira man ég ekkert til að segja frá þessu balli. Og ég var ekkert hræddur um að það yrði nein rassía enda varð það ekki neitt. Og hvað þetta stóð lengi það man ég ekki. Þetta manst þú kannski.

Þorvaldur: Nei ég var ekki þarna.

Varstu ekki þarna?

Þorvaldur: Ég var ekki kominn þarna til landsins.

Nei var það ekki nei. Hvaða ár var þetta?

Þorvaldur: '81 í lok árs.

Er það fyrir, er það í lok árs já.

Þorvaldur: Ég kem hálfu ári seinna.

Mig minnti að þetta væri að vori til. Já þetta er í lok árs já.

Hrafnhildur: Milli jóla og nýárs.

Svona fólk

Nú var það?

Þorvaldur: Voru þarna einhverjir sem að þú þekktir, kannadist við svona af gömlum félögum? Eða var þetta allt yngra fólk þér ókunnugt?

Ja ég þekkti nú strax þarna yngra fólk sko. En ég man ekki eftir því, ég man ekki hvort að Dessi var þarna. Svei mér þá ég man það ekki en Halldór, ég fór með Halldóri. Nú Jón Laxdal Halldórsson leikari hann var farinn alveg fyrir löngu af landi burt. Já, já, já, já, nei ég man ekki eftir neinum og þó, ég man eftir einum manni sem að var nokkuð við aldur, kominn á sjötugsaldur eða um sjötugt, ég man ekki hvað hann hét, hann var þarna, þetta var svona grímuball. Hann var þarna í einhverjum búningi. Hvað hét karlinn aftur? Hann bjó einhverstaðar uppi á Þórsgötu eða þar.

—

Það var afskaplega gaman að koma á þessi böll hjá hommunum í Kaupmannahöfn. Þau voru haldin m.a. úti á Amager. Einu sinni man ég að ég var þar með Haraldi Björnssyni á nýársnótt úti á Amager og við gengum að heiman, hann bjó á Hotel Tune og ég bjó á öðru hóteli þarna, Hotel Frederik, Kong Friðrik, og við gengum frá Amager, það var, allir spurvagnar voru hættir, við gengum í góðu veðri það var að vísu kalt um nóttina en við misstum af öllum spurvögnum og við gengum bara, ég fylgdi honum á Hotel Tune og svo labbaði ég á mitt hótél. Og maður var ekkert fullur þarna, þetta var afskaplega ágætt, þetta var svona, ekki grímuball en það voru þarna vissir strákar danskir sem að voru samt í kvenbúningum, maður kallar það nú ekki grímuball, og svo söng þarna íslenskur strákur Jóhann Gestsson rakari sem seinna fluttist til Bandaríkjanna og er dáinn. Hann söng þarna og söng helvíti vel, söng svona einhverja skemmtisöngva. Annars man ég ekki....

Þorvaldur: Manstu nokkuð til þess að Elsa Sigfúss syngi?

Nei. Nei ég kynntist aldrei Elsu og veit ekki hvort hún var í neinum lesbíusamtökum eða hommasamtökum í Höfn. Ég veit það ekki. En ég þekkti ágætlega stúlku sem að þekkti Elsu vel, Dís Atladóttir, dóttir Atla Ólafssonar í Leðuriðjunni sem var sonur Ólafs Friðrikssonar hérna verkalýðsleiðtoga. Já en eitt, einu kvöldi man ég vel eftir frá Kaupmannahöfn þar sem var svona ekki ball minnir mig en svona samkoma homma og ég ákvað að fara þangað og fékk mann með mér sem ég þekkti lítillega en hafði viðurkennt fyrir mér að hann væri hommi en var þónokkru eldri en ég, og það vill svo undarlega til að það er afmælið hans í dag, ef hann lifði væri hann 99 ára. Þessi

Svona fólk

maður hét Björn Bjarnason magister og kallaður Bjúsi. Mjög skemmtilegur maður en, og vel gefinn en gekk með þá blindni að það vissi enginn að hann væri hommi. Það vissu allir. En hann var góður kennari og hélt miklum aga og það nefndi aldrei neinn við hann, það vildi enginn móðga hann eða neitt slíkt sko og hann kenndi nú að mestu í Kvennaskólanum svo Útvarpinu tungumál. En sem sagt ég fékk hann til að koma með mér á þetta hommaball, hann var nú afskaplega tregur til því hann hélt eins og Halldór Vigfússon að lögreglan myndi gera rassíu. Ég sagði við hann að það yrði ekki því þetta væri með fullkomnu leyfi lögreglunnar. Lögreglan væri búin að leyfa þetta þannig að hún myndi ekkert skipta sér af þessu og það væri vínveitingaleyfi og allt. Jæja ég fékk Bjúsa til að koma með mér og hann þurfti að fá sér náttúrulega neðan í því svolítið áður og þetta var held ég á stað í Kaupmannahöfn sem að ég hef til skamms tíma munað hvað hét, í gamla bænum, það skiptir ekki máli, svo þegar við komum þarna og ég borgaði inn fyrir mig og hann, ég held ég hafi borgað inn fyrir hann líka. Þegar við erum búnir að koma þarna inn í dyrnar þá segir hann: Nei ég fer út. Ha, segi ég, afhverju, við erum búnir að borga? Það er Íslendingur þarna sem að þekkir mig, hann má ekki sjá mig. Ég fékk nú Bjúsa til þess að setjast við borðið hjá maninum, Ég þekkti manninn ekki neitt en ég vil ekki nefna nafnið hans því að hann, hann hérna er kvæntur maður og á börn og er nokkuð þekktur maður í þjóðfélaginu og ég vil ekki nefna nafnið hans. En þeir Bjúsi höfðu þekkt því að Bjúsi hafði verið prófdómari við skólann þar sem að hann var námsmaður. Nú þetta, þarna kynntist ég þessum manni og átti eftir að verða ágætur vinur hans í mörg ár og þetta var ágætt kvöld en sérkennilegt að þessu leyti að Bjúsi var næstum því búinn að snúa við af hræðslu.

Þorvaldur: Hvaða ár var þetta?

Þetta er líklega '51. Nei þetta er líklega '53. Sko ég man að ég var í Kaupmannahöfn að koma af æskulýðsmóti. Ég var á þremur æskulýðsmótum, '51 í Berlín, '53 í Búkest og svo '57 í Moskvu og þetta er þarna '53 þegar ég er að koma frá Búkest og hafði kynnst Guðbergi Bergssyni þar. Já, já þetta var, svo urðum við Bjúsi samferða heim og það var nú mjög skemmtilegt, ég var nú stundum samferða honum á Gullfossi heim. Yfirleitt flaug ég út og fór með Gullfossi heim. Og það var mjög skemmtileg þessi ferð einmitt á Gullfossi því að ég var búinn að skrifa fyrstu kaflana í Sóleyjarsögu og eitt kvöldið rétt áður en við fórum hérna undir land, seinustu nóttina sem sagt, þá var efnt til upplestrar og skemmtunar á fyrsta plássi og ég las þar upp fyrsta kaflann úr Sóleyjarsögu. Og þarna voru ágætir ferðafélagar. Sigurður Nordal, Davíð Stefánsson og Sigurður Grímsson skáld og lögfræðingur. Og hann hérna Ívar Orkland sendikennarinn norski og þetta var

afar skemmtilegt og svo var Bjúsi. Og um kvöldið þegar skemmtunin var nú búin, þarna voru vínveitingar sko, Nordal var orðinn, það var svo mikill strákur í Nordal, að Nordal segir svona við mig og Davíð minnir mig: Nú skulum við koma til Bjúsa. Og það var dálítill veltingur á skipinu og ég sem er nú vanur að vera sjóveikur ég fann ekki fyrir sjóveiki. Jæja klukkan var nú orðin dálítið margt, þarna hefur hún verið orðin tvö og ég vissi hvaða Bjúsi, hvaða káetu Bjúsi var í og við förum niður og Bjúsi opnar í slopp og hann átti nóg af bjór, hann átti ekki sko vín en mikið af bjór, ég held hann hafi átt eina tvo kassa af bjór og hann veitir okkur þetta. Og þetta var mjög skemmtilegt. Og hérna já, þeir voru frændur Bjúsi og Nordal úr Húnavatnssýslunni. Og ég man eftir því að kvöldið áður eða daginn áður eða tveim dögum áður þá hafði Nordal gengið inn í reyksalinn þar sem Bjúsi sat og ég við annað borð og Bjúsi segir þegar Nordal kemur inn: Sæll og blessaður Sigurður frændi minn. Og Nordal svaraði: Sæll og blessaður Björn kunningi minn.

Þorvaldur: Hvað lá að baki heldurðu?

Ég held að broddurinn hafi verið sá að honum fannst að Bjúsi væri að gera mikið úr sjálfum sér með því að láta alla heyra að hann væri frændi Nordals. Sko þarna var Nordal orðinn sendiherra eða hvort það stóð til að hann yrði sendiherra og svo var náttúrulega Nordal sá sem hann var. Allavega. En þrátt fyrir þetta, þeir töluðu nú saman. Ég held að Nordal hafi nú ekki sest hjá honum þarna en þetta var sem sagt daginn áður eða tveim dögum áður heldur en að Bjúsi fór þarna niður með okkur, Nordal fór til Bjúsa um nóttina.

Ja viðbrögð mín ég var bara hrifinn af því að hann skyldi vera svona hreinskilinn en hugsaði með mér að líklega myndi hann nú fá eitthvað, heyra eitthvað illt enda þurfti hann að flýja land blessaður pilturinn.

Þorvaldur: Þekktirðu hann? Voruð þið málkunnugir?

Aðeins já. Það hafði einhver komið með hann til mín. Eða nei hann kom nú víst aldrei heim til mín því hann er ekki í gestabókinni minni. Það var hann Bjarni Sigurðsson þeir þekktust eitthvað. Við hittumst held ég, gott ef það var ekki á Mokka. Þarna var búið að loka 11 sko. Þetta hefur verið sextíu og eitthvað. Eða hvort við hittumst bara á Hábar. Ég er bara búinn að gleyma því. Og ég var

aðeins kunnugur Herði og við heilsumst svona þá sjaldan við sjáumst. En mér fannst hann ansi svona djarfur að lýsa því yfir að hann væri hommi.

Nei ég held það hafi nú allir verið frekar svona hrifnir af því að hann skyldi þora þetta. Það held ég nú. Já. En sem sagt hann þurfti að flýja land og Anna móðir hans hún fór með honum og fór að vinna eitthvað í Kaupmannahöfn. Ég man ekki hvort að hún var þá orðin ekkja eða hvort þau skildu hjónin svona að borði og sæng, ég þekkti ekki til þeirra fjölskyldu þannig og þekkti þetta fólk lítið nema Önnu hafði ég kynnst svona sem frammistöðukonu á Hressingarskálanum þegar hún var þar í mörg ár, frammistöðukona þegar ég sótti Hressingarskálann svo mikið, borðaði þar og drakk kaffi. Það var áður en að Laugavegur 11 var opnaður. En ég hef kannski ekki sagt frá því hvernig stóð á því að ég fór að sækja Laugaveg 11, það er rétt að það komi fram. Ég bjó þarna á Lindargötu 10 og sótti sem sagt Hressingarskálann, borðaði þar og drakk mitt kaffi. Svo var það að ég heyrði það að á Laugavegi 11 það væri mikill staður Ameríkana og stelpna sem væru í slagtogi með þeim. Þarna er ég byrjaður að skrifa Sóleyjarsögu og ég hugsa með mér ég þarf endilega að fara eitthvert kvöldið á Laugaveg 11 og sjá þetta, þetta líf þarna. Og ég fer, það var nú ekki langt að fara og þegar ég kem þar inn þá er bara ekki nokkur sála þarna nema einhverjar tvær, þrjár hræður. Og ekki hermenn og ekki ungar stúlkur, eitthvert fólk sem ég þekkti ekki neitt og ég fékk mér kaffi og eitthvað með því og svo fór ég bara heim. Svo fer ég að minnast á þetta við fleiri, kaffið var eitthvað ódýrara en á Skálanum og gott ef það var ekki betra líka. Ég fór að segja frá vonbrigðum mínum með að hafa farið þangað því ég hefði nú ætlað að kynnst þessu lífi svona af sjón og þá hafi ekki verið neinn Ameríkani þarna en ég fór að lýsa því að þetta væri nú svona pen staður, bjartur og þrifalegri heldur en Skálinn því Skálinn var orðinn svolítið sjabbí, borðdúkanir voru, þeim var snúið við og, en á Laugavegi 11 þá voru ekki notaðir neindir borðdúkar. Það voru svona plastborð og þau voru bara þvegin. Svo varð þetta til þess að það fóru nú svona fleiri en ég að koma á Laugaveg 11, ýmsir af Skálanum, sérstaklega yngra fólk, Ólafur Friðriksson og hérna Sigurður Jónasson, þessir eldri þeir voru áfram á Skálanum. Og Steinn Steinarr sótti nú aldrei 11 neitt að ráði. Hann kom þar en einhvernveginn vildi hann hafa sitt fasta sæti við Austurstræti niðri á Skála. En sem sagt þarna komu mjög margir smám saman þá varð þetta bara geysivinsæll staður. Það hafði víst nokkuð lengi verið víst vinsælt fyrir skrifstofufólk og konur með innkaupatöskur að koma þarna um þrjúleytið og svo varð þetta mjög þekktur og vinsæll staður Laugavegur 11. Og þar var nýlega, þar var stúlka sem að er nýlega dáin, Hulda Markan, Hulda Markan, dóttir Einars Markan söngvara, og hún eignaðist

dóttur með Þráni nokkrum Sigfússyni, hann var bróðir Hannesar Sigfússonar skálds. Og sú stúlka er hvað heitir hún nú aftur Þránsdóttir sem er þýðandi?

Þorvaldur: Jóhanna.

Jóhanna Þránsdóttir, hún er dóttir Huldu og er sem sagt Markan í móðurættina.

Heldur svona krá, þú hefur kannski komið þar. Þar kom svolítið af homnum sem ég áttaði mig ekki á þegar ég var þarna fyrst að voru hommar því þar komu nú aðrir líka og ég drakk aldrei bjór sjálfur ég drakk kaffi og ég man að það var horft svolítið á það að ég fékk mér kaffi, aðrir voru nú að drekka bjór en ég var þarna bindindismaður sko til 23 ára aldurs, ég var tíu ár í Búdapest [*óskýrt*]. Jæja svo eitt kvöld þá sit ég þarna, þá var ég nú farinn að smakka vín sko, það er sem sagt '53, þá kemur Bjúsi þar og ég þekkti hann í sjón, hafði aldrei, hafði aldrei talað orð við manninn en hann virtist vita hver ég var því að eftir dálítinn tíma þá kemur hann að borðinu til mín, þeraði mig náttúrulega, kurteis maður, hann kynnti sig og spurði hvort að ég væri ekki Elías Mar. Jú, jú. Og þá var hann að þakka mér fyrir grein sem ég hafði skrifað í *Líf og list*, tímaritið *Líf og list*, sem hét einn þáttur úr Lundúnavefði þar sem að ég lýsti svona kvöldstemningu í London. Og ég segi á einum stað í þessari grein að á vissa staði, vissar búllur í London komi menn, sem að ekki þori að nefna nafn sinnar ástar. Þetta er náttúrulega tekið frá Oscari Wilde. Og honum fannst, Bjúsa, að ég væri svo lesinn og menntaður að hafa lesið Oscar Wilde að hann spurði mig hreinlega að því hvort að ég væri samkynhneigður, hvort ég væri eins og Oscar Wilde. Já ég sagðist vera það nema því miður væri ég ekki annar eins snillingur og hann en ég væri tvíkynhneigður eins og Oscar Wilde. Já það var nú þetta með Oscar Wilde sagði Bjúsi, hann hefur nú áreiðanlega verið miklu meiri hommi. Ég skal ekkert segja um það sagði ég en eftir þetta urðum við Bjúsi ágætir kunningjar. Og hittumst þarna á þessu tímabili, ég var í Kaupmannahöfn líklega, ætli ég hafi ekki verið heilan mánuð þegar ég kom þarna frá Búkarest. Þá bjó hann hjá einhverri frænku sinni, hann bjó ekki á hóteli, hann bjó hjá einhverri frænku sinni úti í úthverfi Kaupmannahafnar ég vissi ekki hvar. Það var nú eitt, hann vildi ekki koma of seint heim til frænkunnar. Þetta var svo fínt slekt fannst honum og sjálfsagt verið það. En Bjúsi var sem sagt skemmtilegur, skemmtilegur karakter og ýmsar sögur skemmtilegar til af honum. Einu sinni þá var herna, þá var Ásgeir tiltölulega nýkominn frá útlöndum og hann þekkti Bjúsa frá Ítalíu, þá býður hann Bjúsa heim til sín í mat og bjó þá, bjó þá inni á Mánagötu, Ásgeir, í góðri kjallaraíbúð og hann býður Bjúsa og mér og Sturlu. Nú við ræðum um heima og geima og

Bjúsi var nú ekkert í skápnunum við okkur, svo segir Sturla svona í mesta sakleysi út af einhverju sem ég man ekkert hvað var, þá segir hann þennan íslenska málshátt: Það kostar klof að ríða röftum. Þá verður Bjúsi mjög hneykslaður og segir: Almáttugur maður segir ekki, maður nefnir ekki orðið klof í dönnuðum selskap [*hlær*]. Svona var Bjúsi.